

stjórn Akranesskaupstaðar f. h. Akranesskaupstaðar, af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að dæma stefnanda, Elías Benediktsson, til að greiða stefnda, bæjarstjórn Akranesskaupstaðar f. h. Akranesskaupstaðar, málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Þórhallur Sæmundsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórn Akranesskaupstaðar f. h. kaupstaðarins, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Elíasar Benedikts-sonar, í máli þessu.

Stefnandi, Elías Benediktsson, greiði stefnda, bæjarstjórn Akranesskaupstaðar f. h. kaupstaðarins, kr. 1500.00 í málskostnað innan 15 daga frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. apríl 1957.

Nr. 151/1955. **Skipaútgærð ríkisins** (Ingólfur Jónsson hrl.)
gegn

Hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps

(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Ómerking máls og frávisun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. október 1955, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Eru dómkröfur hans þær, að honum verði dæmd sýkna og málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og

málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur með stefnu til sjó- og verzlunardóms 23. febrúar 1951 höfðað mál þetta „til viðurkenningar á bótaskyldu tjóni, er m.s. Þyrill olli á hafskipabryggju Bíldudals aðfaranótt 21. apríl f. á.“, og svo til viðurkenningar „sjóveðs í m/s Þyrli fyrir væntanlegum bótum“. Í kröfugerð þessari er hvorki tiltekin fjárhæð dómkröfu né tjón það nægilega afmarkað, sem krafizt er bóta fyrir. Eru dómkröfurnar því ódómhæfar, sbr 88. gr. laga nr. 85/1936, og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði og vísa málinu frá sjó- og verzlunardóminum.

Með hliðsjón af því, að stefndi hefur samþykkt framangreindan málatilbúnað, er rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og svo málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá sjó- og verzlunardóminum.

Hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 6. apríl 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., hefur hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps f. h. hreppsins höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 23. febrúar 1951, gegn Skipaútgerð ríkisins hér í bænum til viðurkenningar skaðabótaskyldu vegna atburðar, sem síðar verður lýst, og gegn Samábyrgð Íslands á fiskiskipum til réttargæzlu.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt föstudagsins 21. apríl 1950 var m/s Þyrli siglt inn Arnarfjörð áleiðis til Bíldudals, en þar átti skipið að losa um 80 smálestir af olíu. Skipstjóri var á stjórnþalli. Um það leyti sem skipið var sveigt af firðinum inn á voginn til Bíldudals, lét skipstjóri gefa hljóðmerki til þess að vekja athygli á ferðum skipsins, því að ekki hafði verið unnt að segja nákvæmlega fyrir um komutíma þess. Á Bíldudal var bryggja, eign Suður-

fjarðarhrepps, er skipstjórinn hugðist leggja skipinu að. Þegar skipið var komið í um það bil 3 til 4 skipslengda fjarlægð frá bryggjunni, lét skipstjórinn ljóskastara skipsins lýsa hana upp. Kveðst hann þá hafa tekið eftir því, að hornstaur hafi vantað í suðvesturhorn bryggjunnar og hornið hangið í lausu lofti. Hafi hann því beðið um, að vél skipsins væri sett á fulla ferð aftur á bak, og hafi skipið þá stöðvazt alveg. Síðan hafi hann látið setja vélina á hæga ferð áfram til þess að fá stefnið fyrir ytra horn bryggjunnar. Þegar því hafi verið náð, hafi hann aftur látið setja vélina á fulla ferð aftur á bak. En í þessum svifum rakst stefni eða bógur skipsins í þriðja staur frá austurhorni bryggjunnar undir bryggjupallinum og fánastöng á stefni skipsins úr 2—2½ þumlunga járnpiðu á kanttré bryggjunnar. Við árekstur þenna brotnuðu margir staurar í bryggjunni, hún lét undan síga og fánastöngin bognaði, en í umrætt skipti var m/s Þyrill, sem er að stærð 809 rúmlestir (brúttó), næstum fullhlaðinn. Skipinu var síðan siglt leiðar sinnar, án þess að hafnarnefnd þorpsins væri tilkynnt um atburðinn eða nokkur skoðun færi fram.

Í matsgerð 5 dómkvaddra manna, dags. 28. apríl 1950, segir svo um ásigkomulag bryggjunnar eftir áreksturinn: „Skoðunin leiddi í ljós, að árekstur hafði orðið á 3ja staur frá austurhorni bryggjunnar. Bryggjuhausinn hafði færzt í vesturátt um ca 4,5 metra. Af þessum ástæðum hafði landgangur bryggjunnar skekkzt og sligast í sömu átt á ca 23ja metra lengd. Framhlið bryggjuhaussins hefur sigið um 1,8 metra, og sú hliðin, sem snýr að landi, um ca 3,70 metra svo og framendi landgangsins. Af þessu verður að álykta, að allir staurar bryggjuhaussins séu brotnir eða dregnir upp. Telja verður líklegt, að neðri bindingur bryggjunnar og skástífur sé meira og minna brotið.

Nokkra staura hefur rekið á land. Mælingar voru gerðar á þeim gagnvart tréætu, og kom í ljós, að rýrnun af völdum hennar var frá 8 cm og allt að 13 cm af þvermáli stauranna. Eina skástífu hafði rekið á land, var neðri endi hennar, sem festur var niður við neðra langband, talsvert skemmdur af tréætu.

Dekk bryggjunnar var farið að fyrnast, og hafa verið settar á nokkurn hluta þess hlífar úr 1,5 tommu borðum, en bitalagið undir dekkinu virðist hafa verið gott, áður en áreksturinn varð.

Hornstaur á suðvesturhorni bryggjunnar var brotinn, og var oss tjáð, að það hafi orðið af völdum m/s „Lagarfoss“ þann 6. marz 1950“.

Stefnandi heldur því fram, að við áreksturinn hafi oftnefnd

bryggja gjöreyðilagzt. Telur hann, að stefndi, Skipaútgerð ríkisins, sem eigandi og útgerðarmaður m/s Þyrils, beri gagnvart sér skaðabótaábyrgð á öllu því tjóni, sem af bryggjuskemmdunum hafi leitt, og hefur, svo sem í upphafi segir, höfðað mál þetta til viðurkenningar á þeirri bótaskyldu. Þá hefur stefnandi og krafizt málskostnaðar í málinu eftir mati dómsins svo og þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/s Þyrli til tryggingar væntanlegum skaðabótum. Enn hefur stefnandi stefnt vátryggjanda m/s Þyrils, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, til réttargæzlu í málinu, en engar sjálfstæðar kröfur gert á hendur réttargæzlustefnda.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Reisir hann sýknukröfu sína á því, að skipstjóri m/s Þyrils hafi sýnt fyllstu aðgæzlu, þegar hann lagði að bryggjunni, enda hafi snerting skipsins við bryggjuna verið svo lítilfjörleg, að sumir skipverjanna hafi aðeins merkt hana, en aðrir ekki orðið hennar varir. Telur stefndi, að bryggjan hafi þegar verið ónýt, er áreksturinn varð. Bendir hann í því sambandi á, að m/s Lagarfoss hafi valdið skemmdum á henni hinn 6. marz 1950. Í skoðunargerð, dags. 4. október 1950, segir svo um þessar skemmdir: „Brotinn hornstaur í suðvesturhorni bryggjunnar, brotinn við langband, sem liggur við stórstraumsfjöruborð. Enn fremur 2 skástífur frá sama staur, önnur í norður, en hin í austurátt. Brotin kanttré á vesturkanti, annað ca 3 metra frá hornstaur en hitt ca 1 metra frá sama staur.

Um aðrar eða meiri skemmdir af völdum m/s Lagarfoss var ekki að ræða. Það skal tekið fram, að brot á hornstaur bryggjunnar ásamt skástífum veikir bryggjuna ekki að öðru leyti en því, sem snertir þann reit, sem staurinn var í“.

Heldur stefndi því fram, að bryggjan hafi skemmt eða reynzt mun meira af völdum m/s Lagarfoss en fram komi í skoðunargerð þessari, þar eð við hana muni aðeins hafa verið athugaðar sýnilegar skemmdir. Í öðru lagi kveður stefndi, að bryggjan hafi verið orðin mjög skemmd af tréætu. Hefur hann því til sönnunar lagt fram allmargar myndir af staurum úr bryggjunni og sýnt dómendum þrjá bryggjustaura, og var einn þeirra mjög étinn. Loks telur stefndi, að fyrirsvarsmönnum bryggjunnar hafi borið að vara menn við hinu lélega ásigkomulagi hennar, en það hafi þeir ekki gert.

Réttargæzlustefndi hefur stutt sýknukröfu stefnda og krafizt hæfilegs málskostnaðar sér til handa úr hendi stefnanda.

Telja verður, að skipstjóri m/s Þyrils hafi ekki sýnt nægilega aðgætni, er hann hugðist leggja skipinu að bryggjunni á Bíldudal í umrætt skipti. Í málinu liggur fyrir uppdráttur, sem talinn er sýna afstöðu skips og bryggju innbyrðis á því augnabliki, er áreksturinn á bryggjuna varð (dskj. 27). Sýnir uppdrátturinn, að skipið hefur borið mjög óhöndulega að bryggjunni, er verið var að leggja því að henni, og þykir mega til þess rekja, hvernig fór.

Umrædd bryggja var reist árið 1938 og mun frá upphafi hafa verið fremur veikbyggð. Ætla má, að skemmdir m/s Lagarfoss á henni 6. marz 1950 hafi eitthvað veikt hana. Þá kemur fram í málinu, að bryggjan var allmjög skemmd af tréætu. Hins vegar verður ekki annað séð en að bryggjan hafi fyllilega gegnt hlutverki sínu til þess tíma, er m/s Þyrill rakst á hana, svo sem áður er sagt, en eftir það var sá hluti hennar, sem skemmdist við áreksturinn, ónothæfur. Að þessu athuguðu þykir sú staðhæfing stefnda, að bryggjan hafi verið ónýtt, þegar umræddur atburður gerðist, ekki fá staðizt, og er þá sýnt, að skemmdir þær, sem hlutust á bryggjunni við árekstur m/s Þyrils á hana, hafa valdið stefnanda einhverju tjóni. Þegar framangreind atriði eru virt, ber því að taka til greina kröfu stefnanda um viðurkenningu skaðabótaábyrgðar stefnda gagnvart honum á tjóni því, sem stefnandi kann að hafa beðið vegna skemmda m/s Þyrils á bryggju hans á Bíldudal. Þá ber að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í nefndu skipi til tryggingar fébótunum.

Eftir þessum úrslitum og öllum málavöxtum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 4.000.00.

Réttargæzlustefnda hefur ekki verið stefnt að ófyrirsýnju til að gæta hagsmuna sinna í málinu, og verður því málskostnaðarkrafa hans ekki tekin til greina.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Valgeiri Björnssyni hafnarstjóra og Þorsteini Daníelssyni skipasmið.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, ber gagnvart stefnanda, Suðurfjarðarhreppi, fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi kann að hafa beðið af skemmdum m/s Þyrils á bryggju hans á Bíldudal hinn 21. apríl 1950, og á stefnandi sjóveðrétt í nefndu skipi til tryggingar fébótunum.

Stefndi greiði stefnanda kr. 4.000.00 í málskostnað innan

15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. apríl 1957.

Nr. 14/1955. **Litla Skógerðin h/f** (Marteinn M. Skaftfells)

gegn

Harry A. Jensen og Lilly Th. Jensen

(Vilhjálmur Jónsson hrl).

og

Harry A. Jensen

gegn

Litlu Skógerðinni h/f

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vanefndir starfssamnings. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1955, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m., gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og stefnda í máli þessu. Þá krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 39.000.00 og að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 16.000.00 og loks að þeim báðum in solidum verði auk þess dæmt að greiða honum kr. 25.000.00. Enn fremur krefst hann 6% ársvaxta af dæmdum fjárhæðum frá 24. september 1952 og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda og stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 26. apríl 1955, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m., krefst aðallega algerrar sýknu af kröfum aðaláfrýjanda í málinu og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 61.693.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. september 1952 til greiðsludags. Svo krefst hann þess, að